

Sþ. 219. Tillaga til þingsályktunar

um innheimtu berklavarnagjalda fyrir 1936.

Flm.: Gísli Sveinsson, Þorsteinn Þorsteinsson, Guðbrandur Ísberg.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að láta falla niður innheimtu á berklavarnagjöldum sýslu- og bæjarsjóða fyrir árið 1936.

Greinargerð.

Berklavarnagjaldið til ríkissjóðs hefir á undanförunum árum verið með þungbærustu byrðum héraðanna, og hafa af þeim sökum verið bornar fram tillögur á síðustu þingum um lækun þess eða niðurfelling með öllu. — Með nýrri löggjöf er gjald þetta nú horfið af sýslu- og bæjarsjóðum, frá 1. jan. þ. á., og komið að hluta á hreppssjóðina, sem ekki er heldur sanngjarnt. En að öliu athuguðu má réttmætt kallast, að héruðin verði leyst undan gjaldskyldunni fyrir þetta síðasta ár, enda aðeins fáein, sem þegar hafa gert á því skil (sem þá ættu að fá gjaldið endurgreitt, ef till. yrði samþykkt). Sumar sýslur og kaupstaðir hafa ekki greitt um árabíl, og hefir þannig myndast óhafandi misrétti. — Nánar í framsögu.